

Sþ.

299. Frumvarp til laga

um bændaskóla.

(Eftir eina umr. í Ed.).

1. gr.

Þar til öðruvísi verður ákveðið, skulu vera tveir skólar á landi hér, er veita bændaeftum nauðsynlega sérþekkingu til undirbúnings stöðu þeirra. Skal annar vera á Hólum í Hjaltadal, en hinn á Hvanneyri í Borgarfirði. Skólarnir nefnast bændaskólar.

2. gr.

Á skólajörðum skulu vera hæfilega stór, fjölbreytt bú, rekin á kostnað rikissjóðs, og veita skólastjórnarnir þeim forstöðu. Þar skulu færðir húreikningar um allar greinir búrekstrarins.

Á búunum skal gera ýmsar hagnýtar tilraunir í landbúnaði, svo sem jarðrækt, garðrækt, akuryrkju, kynbótum, fóðrun búfjár og loðdýrarækt.

Áherzla skal á það lögð, að alidýraræktin á skólabúunum sé sem fjölbreyttust, með hliðsjón af þeim arði, sem af slíkri starfsemi getur leitt fyrir islenskan landbúnað.

3. gr.

Í landi skólajarðanna skal heimilt að reisa nýbýli og bústaði fyrir kennara og starfsfólk skólanna á kostnað rikissjóðs, eftir því sem landbúnaðarráðherra ákveður í samráði við skólastjóra og fé er veitt til í fjárlögum.

Landbúnaðarráðherra ákveður landstærð þessara nýbýla í samráði við skólastjóra.

4. gr.

Við hvorn skóla skulu vera skólastjóri og tveir fastir kennarar. Laun þeirra skulu ákveðin í launalögum. Ráðherra ákveður laun þeirra og hlunnindi þangað til ný launalög verða sett.

Skólastjóri hefir aðalumsjón með nemendum skólans og húsum hans og áhöldum.

Heimilt er ráðherra auk þess að greiða hvorum skóla upphæð, er svarar allt að tveimur kennaralaunum, er sé varið til verklegrar og bóklegrar kennslu. Skólastjóri ræður aukakennara, með samþykki landbúnaðarráðuneytisins, til að annast þessa kennslu.

Njóti kennarar landsnytja og afnota peningshúsa, gjaldi þeir fyrir það leigu.

Fastir kennarar skulu eiga þess kost, einu sinni á hverjum 6 árum, að fá 4 mánaða leyfi frá starfi til utanfarar, til að kynna sér framfarir og nýjungar í landbúnaði.

Fastir starfsmenn skulu hafa mánaðarleyfi ár hvert.

5. gr.

Skólarnir séu þriggja missira skólar. Í hvorum skóla séu tvær deildir, yngri og eldri deild. Bóklega kennslan fari aðallega fram á tímabilinu frá 15. október til 15. apríl ár hvert.

Kennslan í yngri deild sé aðallega bókleg, en í eldri deild bæði bókleg og verkleg.

Þeim umsækjendum skólans, sem fullnægja hinum almennu inntökuskilyrðum, og að dómi skólastjóra hafa þá þekkingu, sem krafizt er fyrir inntöku í eldri deild skólans, skal eigi skylt að ganga í yngri deild, en dvelja skulu þeir þó árlangt í skólanum.

6. gr.

Skilyrði fyrir inntöku í skólann séu þessi:

- a. Að umsækjandi sé fullra 18 ára. Þó getur skólastjóri veitt undanþágu frá þessu ákvæði, ef sérstakar ástæður mæla með.

- b. Að hann fullnægi þeim skilyrðum um kunnáttu, sem reglugerð ákveður.
- c. Að hann hafi óflekkað mannorð og sé ekki haldinn smitandi sjúkdómi.

7. gr.

Kennslan í skólanum sé bæði bókleg og verkleg. Bóklega kennslan fari fram í fyrirlestrum, að því leyti sem betur þykir henta. Þessar námsgreinar skal kenna bóklega:

Íslenzku, stærðfræði (talnafræði), flatar- og rúmmálsfræði og reikningshald, þjóðfélagsfræði, búnaðarhagfræði, búnaðarsögu og landbúnaðarlöggjöf Íslands og nágrannalandanna, viðskiptalandafræði, grasufræði, eðlisfræði, efnafræði, jarðfræði, líffærafræði og lífeðlisfræði búfjár, búfjárfræði, mjólkurfræði, arfgengisfræði, verkfærafræði, jarðræktarfræði, helztu undirstöðuatriði húsabygginga í sveitum og land- og hallamælingar.

Í eldri deild skal leggja ríka áherzlu á kennslu í búfjár- og jarðræktarfræði. Verklega kennslan fari aðallega fram á skólabúunum sumarið á milli námsvetranna og að nokkru leyti síðari veturinn.

Kennd skulu sem fjölbreyttust jarðræktarstörf, garðrækt, nýyrkja, heyskapur og uppskeruvinna. Ennfremur akuryrkja með sáðskiptiræktun.

Einnig skal nemendum kennd hirðing og notkun þeirra verkfæra, er verulega þýðingu hafa fyrir búskap, einkum með tilliti til aukinnar hestanotkunar.

Nemendum ber að taka þátt í hirðingu þeirra búfjártegunda (alidýra), sem á búunum eru, undir stjórn og tilsögn kennara. Þeir skulu og taka þátt í venjulegum bústörfum, með það fyrir augum, að þeir nemi hagnýtar vinnuaðferðir, er komi bændum að sem mestum notum í starfi þeirra.

Vanti verkefni á skólabúunum, er heimilt að láta nemendur stunda verklega námið að meira eða minna leyti annarsstaðar, ef fullnægt er þeim skilyrðum, sem sett eru fyrir náminu.

Ferðakostnað, er nemendur hafa af för sinni frá skólanum til verklegs náms, skulu þeir fá greiddan af fé skólans. Heimilt er, með samþykki landbúnaðarráðherra, að veita nemendum undanþágu um heyskapartímamann frá því að stunda verklega námið á skólabúunum, eða á þeim stöðum öðrum, þar sem verklega kennslan fer fram, ef þeim er það brýn nauðsyn, vegna heimilisástandna, að vera heima, en próf verða þeir að þreyta eins og aðrir nemendur skólans. Ennfremur skal kenna búsmíði (trésmíði og járnsmíði), steinsteypugerð, söng, íþróttir, leikfimi og teikningu.

Í reglugerð skal kveða nánar á um allt fyrirkomulag kennslunnar, bæði í bóklegum og verklegum efnum.

8. gr.

Fyrir verkleg störf á skólabúunum eða öðrum þeim stöðum, sem verklega kennslan fer fram á, fá nemendur annaðhvort ókeypis fæði og þjónustu tvö síðari missirin eða upphæð, sem því svarar, ef hentara þykir, að nemendur hafi sameiginlegt mótuneyti. Úr ríkissjóði fá nemendur 100 kr. styrk til bókakaupa seinni veturinn, enda ljúki þeir námi.

Ríkissjóður greiði skólabúunum 100 kr. fyrir hvern nemanda, er nýtur kennslu í verklegu námi að tilhlutun skólans. Þeir nemendur, er undanþágu fá frá því að stunda að öllu leyti verklega námið, að tilhlutun skólanna, sbr. 7. gr. 8. málsg., greiði fyrir fæði og þjónustu síðari veturinn eftir ákvæðum reglugerðar.

9. gr.

Árspróf og burtfararpróf skal halda við skólana í lok skólaárs í þeim námsgreinum, sem kenndar eru í ársdeildunum. Að loknu verklegu námi skal og fara fram verklegt próf. Þeir einir, er lokið hafa bóklegu og verklegu fullnaðarprófi við skólana, eða á hliðstæðum skólum erlendum, hafa rétt til að bera nafnið búfræð-

ingar. Þó skerðir það ekki rétt þeirra manna, sem tekið hafa próf eftir hinum eldri bændaskólalögum, til þess að bera það nafn.

Í reglugerð skal kveða nánar á um próf við skólana.

10. gr.

Selji skólabúin nemendum fæði og þjónustu, skal það selt við kostnaðarverði. Ella sjái hlutaðeigandi skólastjóri um, að nemendur geti haft sameiginlegt mótuneyti.

11. gr.

Heimilt er að halda námskeið á bændaskólunum fyrir bændur og bændaezni, þegar ástæður leyfa.

Námskeið þessi séu til hvatningar og fræðslu. Einnig námskeið fyrir trúnaðarmenn samkvæmt jarðræktarlögum, eftirlitsmenn nautgriparæktarféлага, forðagæzlumenn, búreikninganámskeið og ennfremur matreiðslunámskeið.

12. gr.

Landbúnaðarráðuneytið hefir á hendi yfirstjórn bændaskólanna og gefur út reglugerð fyrir þá, að fengnum tillögum skólastjóranna.

13. gr.

Kostnaður við að gera skólana og skólabúin úr garði samkvæmt lögum þessum greiðist úr ríkissjóði, eftir því, sem fé er veitt til þess í fjárlögum. Svo greiðir hann og allan árlegan kostnað við skólana.

14. gr.

Lög þessi koma til framkvæmda 15. október 1938.

15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi felld lög nr. 51 19. maí 1930, svo og öll önnur lagaákvæði, er koma í bága við lög þessi.